



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

9. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 25. júní 2019 og hófst kl. 21,45. Fundurinn var haldinn í þjónustuhúsi safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Lýður Pálsson safnstjóri sat einnig fundinn og skrifaði fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. Viðhaldsframkvæmdir á Húsinu. Málarafrá Litalausnum hafa unnið að málningarviðhaldi á Húsinu og Assistentahúsinu í maí og nær allan júnímánuð. Húsið var tjargað eins og áætlað var í framkvæmdaáætlun safnsins, og sömuleiðis var Assistentahúsið málað að utan en Þjóðminjasafn Íslands lánar safninu fyrir þeirri framkvæmd fram á næsta ár enda var ekki gert ráð fyrir því í rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir 2019. Einnig hafa gluggar að innan verið málaðir að innan. Um er að ræða 35 glugga, áætlað var að kostnaður yrði um 500-600 þúsund kr. en miðað við tímafrelka undirbúningsvinnu má áætla að sú tala sé óraunhæf og kostnaður miklu meiri. Sótt verður um styrki til Húsafriðunarsjóðs fyrir þessum framkvæmdum og munu þeir styrkir koma inn á næsta ári. Af þeim sökum er nauðsynlegt að millifæra af byggingareikningi vegna þessara viðhaldsverkefna sem reynast hærrí en áætlað var og samþykkir stjórn safnsins þá tilhögun þar til styrkur frá Húsafriðunarsjóði kemur til safnsins. Ýmis fleiri viðhaldsverkefni verða að bíða eins og málun á Eggjaskúrnum og að setja upp nýtt grindverk um garð Kirkjubæjar. Einnig þarf að lagfæra brunninn við Húsið en timbrið í honum er orðið fúíð.

2. Drög að leigusamningi. Safnstjóri kynnti drög að leigusamningi við Þjóðminjasafn Íslands um leigu á 416 fm af Búðarstíg 22. Safnstjóri og fjármálastjóri Þjóðminjasafns Íslands sömdu þessi drög sem eru nú til skoðunar hjá Framkvæmdasýslu ríkisins. Gert er ráð fyrir að leigutími hefjist 1. nóvember og gildi í 20 ár. Leiguverð er 700 kr á fm á mánuði eða u.þ.b. 300 þúsund kr., vísitölubundið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 22,15.

Árni Eiríksson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Lýður Pálsson